

ÞRÍÞRAUTARSAMBAND ÍSLANDS
17.10.2021 (2021-2022)

Formannafundur er haldinn kl.17.00 í húsakynnum ÍSÍ, Engjateigi 6 í Reykjavík

Mættir eru frá stjórn ÞRÍ: **Hákon Hrafn Sigurðsson, Valerie Maier, Ingi Poulsen**, sem jafnframt ritar fundargerð, **Jón Ágúst Gunnlaugsson, Sædís Jónsdóttir, Guðbjörg Jónsdóttir og Hákon Jónsson, starfsmaður ÞRÍ. Jafnframt frá félagunum Jón Orri Jónsson (Ægi), Margrét J. Magnúsdóttir (Breiðablik), Baldur Sæmundsson (3N) og Arnór Ásgeirsson (Fjölnir).**

Dagskrá fer fram í samræmi við fundarboð

1. Keppnistímabilið 2021

Fjallað er um keppnistímabilið 2021, reynsluna af keppnum félaganna og það sem gekk vel og áskoranir sem félögin mættu.

Bent er á að mikilvægt sé að leggja meiri áherslu á Íslandsmeistaramót

Fjallað er um mikilvægi þess að hafa skýra umgjörð um unglingsþrípraut. Sumum gekk illa að stilla upp ungmennaflokki í keppnum, og bent er á að gott hefði verið að til væru reglur og viðmið, stefna eða leiðbeiningar til að stilla upp fyrir ungmannahópna. Ennfremur er bent á að keppnisreglurnar fjalli aðeins um keppendur niður í 15 ára en dæmi séu um 14 ára keppendur og við þessu þyrfti að bregðast.

2. Drög að keppnisdagskrá 2022

Kópavogspraut Breiðabliks: Stefnt er á 8. maí – sömu vegalengdir og venjulega. Ekki er búið að ákveða með unglingspraut en umræða er um að hafa þá þraut alveg sér en ekki að blanda henni með fullorðnu keppendum.

Laugavatspraut Ægis - Stefnt er á dagsetninguna 25. júní en jafnframt er vitað að margir Íslendingar eru að fara til keppni Helsingör í Danmörku. Ekki er búið að ákveða hvort bæði verði boðið upp á ólympíska vegalengd og hálfan járnkarl. Þrautin hentar vel sem Íslandsmeistaramót.

Norðurljósaprípraut: Upplýst er um að skipuleggjendur mótsins séu opnir fyrir dagsetningum og vegalengdum. Það kann að vera að það henti ekki aðstæðum þar að hafa ólympíska þraut heldur leggja heldur áherslu á sprettþraut. Rætt um að 9. júlí eða 23. júlí gætu hentað vel fyrir þessa þraut.

Kjósarþraut: Stefnt er á 14. ágúst.

Ofursprettþraut 3N: Stefnt er á að halda keppnina 27. ágúst með svipuðu sniði og áður. Áhugi er fyrir að heimilt verði að stunda kjölsog (draft legal) í keppninni.

Rætt er um mikilvægi þess að hafa svigrúm til að mæta ólíkum veðurspám. Þannig kunni að vera heppilegt að miða við að keppni geti verið laugardag eða sunnudag sömu helgi fremur en að þurfa að fresta keppni um lengri tíma.

Fjölínisjaxl: Óljóst er um dagsetningar en ekki hentar að hafa hana í júlí eða aðra helgi í ágúst. Heppilegt gæti verið að halda hana aðra helgi í júní.

3SH á ekki fulltrúa á fundinum svo ekki er vitað hvernig staðan verður þar.

Félögin munu senda staðfestingar á dagsetningum fyrir lok mánaðar.

3. Dómaranámskeið

Dómaranámskeið fer fram 6. og 7. nóvember og er á vegum World Triathlon. Skráðir eru 14 einstaklingar en þar af koma fjórir einstaklingar að utan.

4. Önnur mál

Uppskeruhátíð: Fjallað er um uppskeruhátíð sem er á dagskrá 13. nóvember frá 17-19 og verður haldin í Iðnó.

Afreksstefna: Upplýst er um vinnu við breytingar á afreksstefnu og boðað að félögin fái drög að nýrri stefnu til umsagnar á næstu misserum.

Markaðsstarf: Upplýst er um þá vinnu sem ÞRÍ hefur hafið við að skapa heildstæða markaðsáætlun.

Unglingaþríþraut: Fjallað er um stöðuna í unglungaþríþraut en ekki hefur tekist vel að byggja upp þann þátt í starfinu. Stefnt er að því að eiga samtalið við félögin um leiðir til að efla unglungaþríþraut.

Fundi slitið kl. 18.45